

28.fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn á Kjarval, föstudaginn, 9.maí 2025, kl. 12.00-13.30

Fundinn sátu:

Sævar Birgisson, Eva Jósteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir (teams), Jakob Einar Jakobsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. **Fundargerð 27. fundar 4. apríl 2025.**
Undirrituð og samþykkt.
2. **Yfirlit yfir stöðu og rekstur**
Farið yfir stöðu á nýjum samningum við sveitarfélögin og öðrum samningum sem þarf að uppfæra samhliða s.s. um Reykjavík City Card. HITTUMST ferðasýningin gekk afar vel en um 1000 manns mættu, en yfir 70 fyrirtæki með 120 vörumerki tóku þátt, rætt um staðsetningu sýningarinnar fyrir næsta ár. Mikið búið að vera í gangi í markaðsmálum s.s. 4 áhrifavaldar og 3 á leiðinni. Fjölmíðlaferðir og svörun fyrirspurna frá fjölmiðlum ganga vel. Tveir fyrirlesarar hafa verið staðfestir fyrir Ferðamálaþing um strauma og stefnur og hugmyndir frá öðrum áfangastað. Yfirskrift Ferðamálaþings verður *Tækifærin*. Einnig kom fram að Markaðsstofan mun stýra vinnuhópi í tengslum við Sólmyrkvann að ósk SSH með Reykjavíkurborg. Viðhorfsrannsókn á meðal íbúa er búin og verður kynnt á næstunni. Rætt um að fara yfir stöðu ferðaþjónustunnar og verður það gert á næsta fundi.
3. **Höfuðkraftur – verðlaun**
Hugmyndin samþykkt og stjórn verður dómnefnd verkefnisins. Áfram unnið að því að þróa hugmyndina hjá Markaðsstofunni.
4. **Önnur mál**
Vinnufundur stjórnar verður 20. maí, kl. 11.30 í Kópavogi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13.35.